

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018, íbúðarsvæði við Mýrarveg.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 14. maí 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018 frá 4. september 1998.

Breytingin felst í að íbúðarsvæði vestan Mýrarvegar, norðan Akurgerðis, er stækkað til norðurs á kostnað opins svæðis. Stækkunin er rúmlega 2100 m² og verður nýtt til byggingar 5 hæða fjölbýlishúss með 15 íbúðum fyrir eldri borgara.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Akureyrar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu, 14. maí 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.